

Ársskýrsla Foreldrafélags Klappa 2024 – 2025

Foreldrafélagsgjöld eru rukkuð tvisvar sinnum á ári, á haustönn og vorönn. Gjaldið er 3000 kr. á önn fyrir eitt barn en 4500 kr. fyrir systkini.

Á síðasta skólaári tók foreldrafélagið þátt í ýmsum viðburðum innan skólans ásamt því að auka aðeins í leikfangauúrvalið á leikskólanum með gjöfum.

Keyptar voru möppur á haustönn fyrir börn sem voru að byrja á leikskólann en hvert barn fær möppu sem það safnar í ýmsum verkum eftir sig og þegar barnið útskrifast úr leikskólanum eða hættir fær það möppuna með sér. Greiddi foreldrafélagið 36.423 kr. fyrir möppurnar. Einnig voru keyptir Blær bangsar sem er táknmynd vináttu, hvert barn í leikskólann fær sinn bangsa og voru greiddar 28.000 kr. fyrir bangsa á haustönninni.

Fyrir áramót keypti foreldrafélagið sýninguna um Fóa feykirófu frá Umskiptingum sem kostaði 100.000 kr.

Þegar leikskólinn opnaði ákváð foreldrafélagið ásamt stjórnendum leikskólans að frekar yrðu gefnar veglegar jólagjafir inn á deildir í staðinn fyrir að gefa hverju barni jólagjöf og þetta hefur slegið í gegn, deildirnar náð að bæta við leikfangauúrval og mikil spenna þegar jólasveinarnir færa kennurunum og börnum gjafirnar. Þessar gjafir eru gefnar á jólaballinu og var kostnaðurinn við jólaballið í fyrra 170.084 kr. en inni í þessu verði er líka jólasveinarnir sem fengu 40.000 kr. fyrir að koma og skemmta krökkunum.

Eftir áramót var ákveðið að bjóða aftur í íþróttatíma og leigði foreldrafélagið íþróttasalinn í Síðuskóla og fékk Bibba sem sér um Íþróttaskólann með sér í lið við að setja upp ýmsar þrautir og hafa yfirsjón með öllu. Þetta heppnaðist vel, var góð mæting og við í félaginu vorum mjög ánægð með þetta. Kostnaðurinn fyrir þetta var 30.000 kr.

Á öskudaginn voru aftur gefnar gjafir á deildir enda hefur okkur fundist nauðsynlegt að styðja aðeins við leikfangakaup þegar leikskólinn er svona nýr. Gjafirnar kostuðu 79.928 kr. Allar gjafir sem gefnar eru bæði á jólaballi og öskudag eru teknar af óskalistum sem deildirnar setja saman.

Keyptur var inn einn viðburður á vorönn en það var sýning frá Brúðuheimum sem kostaði 125.000 kr.

Félagið fékk svo líka að taka þátt í sumargleðinni á leikskólanum sem haldin var í júní og þar keypti félagið tónlist, andlitsmálningu og veitingar. Þetta kostaði 162.870 kr.

Í heildina borgaði foreldrafélagið 732.305 kr. fyrir skemmtanir og gjafir þetta árið. Haustönn var 334.507 kr. og vorönn 397.798 kr. Eftirstandandi á reikningi eru 20.266 kr.